Ed. **567. Breytingartillögur**

við frumv. til girðingalaga á þingskj. 547.

Frá nefndinni.

1. Við 8. gr.

a. í stað orðanna: »tún eða engi« í 4. línu, komi: land

b. Aftan við 1. málsgrein komi ný málsgrein svohljóðandi:

Nú liggur bithagi jarðar að landi kauptúns, og verður fyrir miklum ágangi af beit frá kauptúninu og skal þá jarðeigandi eiga sama rjett til framlags til girðingar frá kauptúninu eða eiganda þess lands er kauptún liggur í, eins og tún eða engi lægi á móti.

2. Við 11. gr.

a. Í stað orðanna: »leita þarf þó . . . . að ræða« í 2.—3. línu komi:

Ef vegur er akfær, þarf þó samþykki hreppsnefndar, ef um hreppsveg er að ræða, en sýslunefndar um aðra vegi.

b. Á eftir 2. málsgrein komi ný málsgrein svohljóðandi:

Ef girt er yfir aðra stiga eða götutroðninga, getur hreppsnefnd, ef þess er krafist, heimtað, að hæfilegt hlið sje sett á girðinguna.

3. Við 12. gr.

Fyrir »75« í 2. línu komi: 65.

4. Við 20. gr.

Orðin »lög um túngirðingar . . . . . . gaddavírsgirðingar« falli burt.